

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2025
Tilv.:24051725 / EVD

Efni: Svar Samgöngustofu til Reykjavíkurborgar við tímasettri aðgerðaráætlun um trjáfellingar í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis

Visað er til erindis Samgöngustofu varðandi hindranir sem brjóta í bága við Skipulagsreglur Reykjavíkurlugvallar sem var sent borgarstjóra 17. janúar 2025. Í kjölfarið barst Samgöngustofu 17. mars 2025 áætlun Reykjavíkurborgar um aðgerðir til uppfyllingar þeirra, nefnd „Tímasett aðgerðaráætlun um trjáfellingar í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis“.

Samgöngustofa hefur rýnt áætlunina og telur hana ekki uppfylla þau skilyrði sem sett voru af stofnuninni í bréfi 17. janúar 2025. Af því leiðir að Samgöngustofa getur ekki fallist á þá niðurstöðu borgarinnar að með aðgerðaráætluninni séu tilmæli stofnunarinnar uppfyllt og málinu lokið.

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar sýnir ekki hvernig borgin ætlar að uppfylla Skipulagsreglur Reykjavíkurlugvallar en í bréfi Samgöngustofu frá 17. janúar sl. kemur skýrt fram að viðfangsefnið er hlítu við þær. Samgöngustofa opnar í erindi sínu á mildunarráðstafanir en setur jafnframt það skilyrði „að þær hafi verið lagðar fyrir Samgöngustofu til samþykktar“ en það var ekki gert. Annað skilyrði sem Samgöngustofa lagði til grundvallar var að aðgerðaráætlunin yrði „unnin í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins, og taki mið af þörfum rekstraraðila og notenda flugvallarins til komandi ára“. Samgöngustofa fær ekki séð að aðgerðaráætlunin hafi verið unnin í samstarfi við Isavia innanlandsflugvelli og hefur það verið staðfest af félaginu. Krafa Samgöngustofu um samráð við Isavia innanlandsflugvelli var sett fram í þeim tilgangi að tryggja að hverjar þær ráðstafanir sem lagðar yrðu til væru í samræmi við kröfur sem liggja til grundvallar og eru á forræði rekstraraðila flugvallarins að auðkenna og greina.

Aðgerðaráætlunin tekur mið af þeim áföngum sem Isavia innanlandsflugvelli settu fram í minnisblaði til borgarinnar 14. febrúar 2025 en eins og fram hefur komið fólust skilyrði Samgöngustofu ekki einungis í því. Reykjavíkurborg leggur í áætlun sinni fram áfangaskiptingu þar sem tveir áfangar fjalla um hreinsun og endurhönnun svæðisins en þeir áfangar snerta ekki það mál sem hér er um rætt.

Samgöngustofa gerði kröfur, með erindi sínu 17. janúar 2025, um að Reykjavíkurborg myndi í samstarfi við Isavia innanlandsflugvelli komast að niðurstöðu og tryggja til frambúðar uppfyllingu krafna og setja fram áætlun um aðgerðir til að tryggja að hindranafletir flugvallarins yrðu hreinsaðir. Sú ráðstöfun að heimila notkun flugvallarins með tilliti til mildunarráðstafana er einungis tímabundin eins og margoft hefur komið fram í samskiptum milli aðilanna þriggja enda er enn opið frávík á rekstur flugvallarins vegna hindranaflata.

Hluti af „tímasettri aðgerðaráætlun“ borgarinnar er lýsing á forsögu þess máls sem hér um ræðir, eins og hún virðist blasa við Reykjavíkurborg og með vísan í umræður og bókanir borgarráðs frá 13. mars 2025. Samgöngustofa telur að um nokkurn misskilning og jafnvel rangfærslur sé að finna í þeim texta en þar sem meginatriði þessa máls er að fylgja lögum og reglum í tengslum við hindranafleti flugvallarins þá mun stofnunin bregðast við þeim hluta erindisins í aðskildu bréfi.

Með vísan til framangreinds þá gefur Samgöngustofa Reykjavíkurborg kost á að skila endurbættri aðgerðaráætlun vegna Skipulagsreglna Reykjavíkurflugvallar sem uppfyllir skilyrði stofnunarinnar frá 17. janúar 2025.

Samgöngustofa veitir Reykjavíkurborg frest til 9. júní 2025 til að upplýsa stofnunina um hvort borgin muni skila uppfærðri aðgerðaráætlun í samræmi við skilyrði Samgöngustofu. Frestur til að skila uppfærðri áætlun yrði þá veittur til 30. júní 2025.

Verði ekki gripið til framangreindra ráðstafana mun Samgöngustofa horfa til þeirra lagalegu úrræða sem stofnunin hefur samkvæmt lögum um loftferðir 80/2022 til að grípa til aðgerða.

Virðingarfyllst

Kristín Helga Markúsdóttir
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs

Hlín Hólm
deildarstjóri flugleiðsögu, flugvalla og
flugverndar